



Tíu meginreglur um ferðamál á norðurskautssvæðinu

1. Samhæfing ferðamála og náttúruverndar

Líkt og alla aðra nýtingu umhverfisins ætti að samhæfa ferðamál alþjóðlegum, þjóðlegum og svæðisbundnum áætlunum um náttúruvernd og fella þau inn í slíkar áætlanir.

- Styðjið ferðamálaáætlanir sem leitast við að vernda náttúruna og fela í sér áform þar að lútandi.
- Starfið með náttúruverndarsamtökum og öðrum hópum sem vinna að umhverfisvernd.
- Styðjið eftirlit með áhrifum af ferðamennsku, sem og rannsóknir á þeim.

2. Stuðningur við varðveislu óbyggða og fjölbreytni lífríkis

Víðerni án vega eða annarra ummerkja skipulagðra byggða eru fágæt einkenni norðurskautssvæðisins. Þessi svæði eru dýrmæt frá umhverfislegum sjónarmiðum, auk þess sem þau eru ein helsta ástæða þess að ferðamenn leggja leið sína á norðurslóðir.

- Styðjið náttúruvernd á norðurskautssvæðinu, þar með talið verndun villtra dýra, búsvæða og vistkerfa, bæði í sjó og á landi.
- Styðjið viðleitni til að koma í veg fyrir að landslag norðurskautssvæðisins sé brotið upp. Styðjið einnig viðleitni til að lagfæra það sem aflaga hefur farið ef það er hægt. Rof í landslagi dregur úr ánægju ferðalanga og spillir umhverfinu.
- Styrkið áframhaldandi uppbyggingu "Circumpolar Protected Area Network (CPAN)".

3. Sjálfbær nýting náttúruauðlinda

Verndun og sjálfbær nýting náttúruauðlinda eru frumskilyrði þess að umhverfið haldist óspillt til frambúðar. Víðerni norðurskautssvæðisins eru óendurnýjanleg auðlind; séu þau byggð er ógerlegt að heimta þau aftur í upprunalegt horf.

- Hvetjið til sjálfbærrar nýtingar náttúruauðlinda, þar með talið óbyggðra svæða.
- Hvetjið til sjálfbærrar nýtingar á svæðum sem þegar eru byggð.

4. Lágmarkun neyslu, úrgangs og mengunar

Með því að draga úr mengun og neyslu má einnig draga úr tjóni á umhverfinu. Því fylgir aukin ánægja ferðafólks og minni kostnaður vegna hreinsunar umhverfisins.

-
- Hvetjið til þess að sorpi sé fargað með þeim aðferðum sem minnst áhrif hafa á umhverfið, t.d. endurvinnslu og ábyrgri stjórnun umhverfismála.
 - Farið með sorp í endurvinnslu á þeim stöðum sem hún er fyrir hendi. Aðstoðið við að koma endurvinnslu á fót þar sem hún er ekki til staðar.
 - Ráðstafið úrgangi á öruggan og viðeigandi hátt, t.d. með því að þjappa saman sorpi og taka með ykkur.
 - Notið umbúðir sem brotna niður í náttúrunni eða eru endurnýtanlegar.
 - Haldið notkun jarðfnaeldsneytis í lágmarki, forðist að nota vélknúin farartæki þegar kostur er og notið ekki tæki eins og vélsleða nema til að ferðast á milli staða.
 - Styðjið uppbyggingu og nýtingu gististaða sem varðveita orku, endurvinnna sorp og farga úrgangi og sorpi á tilhlýðilegan hátt.
 - Styrkið viðleitni til að hreinsa og lagfæra svæði sem hafa orðið fyrir umhverfistjóni.

5. Virðing við menningu staða

Ferðamannaiðnaður ætti ekki að breyta lífsháttum fólks og samfélögum, nema fólkið sjálft sækist eftir því.

- Virðið réttindi og óskir innfæddra.
- Fáíð leyfi áður en þið leggið leið ykkar á staði sem heimafolk notar, s.s. kirkjur og aðra helga staði, grafreiti, dvalarstaði og veiðistöðvar.

6. Virðing við sögulega staði og staði þar sem stundaðar eru vísindarannsóknir

Fornleifar, sögustaðir, forsögulegir staðir og staðir þar sem stundaðar eru vísindarannsóknir eru mikilvæg arfleifð hvers staðar og þeir eru einnig mikilvægir fyrir vísindin. Hverskonar rask rýrir gildi þeirra og er oft ólöglegt.

- Virðið verðmæti þessara staða og hvetjið til varðveislu þeirra.

7. Viðkomandi samfélag ætti að njóta góðs af ferðamálum

Þátttaka heimamanna í skipulagningu ferðamála stuðlar að því að fjallað sé um málefni sem varða umhverfi og menningu staðarins. Þannig verður ávinningur viðkomandi samfélags mestur og tjónið minnst. Einnig er líklegt að ferðin verði áhrifaríkari fyrir ferðamennina.

- Leitið eftir og styðjið viðkomandi samfélag til að taka þátt í og eignast hlutdeild í ferðamálum.
- Stuðlið að nýliðun, þjálfun og ráðningu heimamanna í ferðaþjónustugreinar.

8. Þjálfaðir starfsmenn eru lykillinn að ábyrgri ferðaþjónustu

Menntun og þjálfun starfsmanna ættu að ná yfir umhverfis-, menningar-, félags- og lagaleg málefni. Slík þjálfun eykur gæði jafnt ferðaþjónustu og ferðamennsku. Starfsmenn ættu að vera ferðamönnum til fyrirmyndar.

-
- Hvetjið starfsmenn til að hegða sér á ábyrgan hátt og ferðamenn til hins sama.
 - Kynnið lög og reglugerðir sem máli skipta fyrir starfsmönnum.

9. Ferðamennska ætti að vera menntandi

Þegar ferðamenn fræðast um samfélög og umhverfi er ávinningur allra sem ferðamálum tengjast mestur og skaðinn minnstur. Þekking og jákvæð reynsla gera ferðamenn að talsmönnum náttúruverndar á norðurskautssvæðinu.

- Veitið upplýsingar um umhverfismál og menningar- og félagsleg málefni því það er grundvallarþáttur í ábyrgri ferðaþjónustu.
- Fylgið þessum siðareglum til að stuðla að ábyrgum viðhorfum og aðgerðum í ferðamálum.

10. Öryggisreglur

Norðurskautssvæðið getur verið varasamt og allir sem tengjast ferðamálum á þessu svæði þurfa að sýna varkárni og fylgja öryggisreglum og -ráðstöfunum. Bregðist það geta hlotist af alvarleg slys og kostnaðarsamar björgunar- eða lækningaaðgerðir sem íþyngja viðkomandi samfélagi.

- Gangið úr skugga um að athafnir ykkar séu í samræmi við viðurkenndar öryggisráðstafanir og settar reglur.
- Gætið þess að allir sem tengjast ferðamálum á norðurskautssvæðinu fái upplýsingar og þjálfun um öryggisráðstafanir.